Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Ársskýrsla 2018

Samkeppni um vegglistaverk: Sigurvegari var Monika Jóhanna Karlsdóttir.
Málað á húsgaflinn við Vesturberg 70-74.

1. Hlutverk og skipulag

FB er opinber framhaldsskóli, starfræktur samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla. Skólinn er í senn menntaskóli, listmenntaskóli og verkmenntaskóli og eru lokapróf frá skólanum stúdentspróf af bóknámsbrautum, stúdentspróf af listnámsbrautum, stúdentspróf af stúdentsbraut að loknu starfsnámi, próf í húsasmíði, rafiðngreinum og snyrtifræði og lokapróf af sjúkraliðabraut. Einnig býður skólinn fjögurra ára nám á starfsbraut og nám á framhaldsskólabraut til undirbúnings námi á námsbrautum skólans. Í FB er jöfnum höndum kennt í dagskóla og kvöldskóla, auk þess sem Sumarskóli FB er starfræktur í júnímánuði ár hvert. Rekstrarfé skólans ákvarðast af fjárheimildum Alþingis, en nám í sumarskólanum er greitt af nemendum.

2. Starfsþróun, gæðastjórnun og námsaðstaða í starfsnámi

Í stefnuskjali skólans til þriggja ára er lögð áhersla á þrjá rekstrarþætti: (a) að efla gæðastjórnun, (b) að auka starfsánægju og (c) að bæta námsaðstöðu í starfsnámi.

Á haustönn var kannaður möguleikinn á að taka upp nýjan ISO-gæðastaðal sem er sérhannaður fyrir menntastofnanir. Unnið er í að skoða staðalinn og máta að starfsemi skólans.

Til að efla starfsánægju var lögð áhersla á möguleika kennara á faglegri starfsþróun. Veturinn 2017-18 lögð áhersla á að gefa kennurum aukið færi á að sinna faglegu samstarfi og minnka miðlæg fundarhöld. Kennarar skiluðu síðan inn skýrslum um faglegt samstarf og eigin starfsþróun yfir veturinn í lok skólaársins. Haustið 2018 var haldið áfram á sömu braut og fyrr og fáir sameiginlegir fundnir haldnir svo kennarar hefðu rými til samtals og starfsþróunar á eigin forsendum, sem var vel þegið. Á starfsdegi í upphafi skólaárs var kennrum boðin kynning á og námskeið í aðferðarfræði „Design Thinking“ og í framhaldinu fóru tveir þróunarhópar um slík verkefni af stað í skólanum: annar hugaði að umbótum á kennarastofunni og hinn skoðaði leiðir til að mæta betur þörfum erlendra nemenda við skólann. Tveir kennarar fóru á námskeið hjá John Hattie í Edinborg og miðluðu því sem þeir lærðu til samkennara á kennarafundi í byrjun desember. Vorið 2018 fór starfsfólk skólans í endurmenntunarferð til Berlínar. Ferðin var skipulögð af kennurum og ýmsir áhugaverðir og ólíkir skólar heimsóttir, m.a. margir verknámsskólar og hinn frægi skóli ESBZ sem mikla alþjóðlega athygli hefur hlotið vegna framsækinna áherslna í kennslu og uppeldi.

Til að bæta námsaðstöðu í starfsnámi er stefnt að því að byggja nýtt verknámshús á lóð skólans við Hraunberg. Mennta- og menningarmálarráðherra hefur samþykkt áform okkar og var þarfagreining unnin sumarið 2018 og send til ráðuneytisins. Einnig var í haust fundað hér í skólanum með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, framkvæmdasýslu ríkisins og Reykjavíkurborgar. Bíðum við spennt eftir framhaldinu.

3. Fréttir úr skólalífinu

Áfram er unnið að því að hlúa að náms- og starfsumhverfi í skólanum. Reglubundnar vörður í skólastarfinu héldu áfram óbreyttar, s.s. fræðsludagur að hausti, sæludagar að vori og skólafundur og forvarnadagur á hvorri önn. Frá hausti 2015 hefst kennsla í skólanum kl. 8:30 á morgnana til að gefa nemendum kost á aðeins lengri svefni og hefur það mælst vel fyrir hjá þeim. Samstarf er áfram við Þjónustumiðstöð Breiðholts um sálfræðiráðgjöf handa nemendum. Hið sama gildir um Skólamarkþjálfun, en frá hausti hafa nemendur greiðan aðgang að markþjálfa í skólanum. Fram er haldið góðu samstarfi við Tónskóla Sigursveins um kennslu í tónlist og um áramótin var undirritaður samningur við World Class um aðgang nemenda að stöðinni til íþróttaiðkunar (sjá mynd).

Skólastarfið getur haft á sér margs konar ásýnd. Hér eru nemendur í áfanganum *Gluggar og hurðir* á húsasmiðabraut að leggja lokahönd á gluggana í sumarbústaðinn:

Gott samstarf skólans við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Reykjavíkurborg var staðfest með undirritun samstarfssamnings sem tryggir rekstur smiðjunnar til þriggja ára. Á myndinni má sjá Dag B. Eggertsson borgarstjóra, Þorstein Inga Sigfússon forstjóra Nýsköpunamiðstöðvar Íslands og Guðrúnu Hrefnu Guðmundsóttur skólameistara við undirritunina í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 25. apríl 2018:

Þennan sama dag var margt um að vera í skólalífinu. Efnt var til hóp-plokks nemenda sem fylktust út til að hreinsa skólalóðina og nærumhverfið:

Gallerí Gubb var einnig opnað 25. apríl 2018. Hörður Frans Pétursson, Karín Sól Gunnarsdóttir og Sara Sigurðardóttir stóðu að opnuninni. Nemendur skólans geta nú sett upp sýningar með verkum eftir sig.

Lið skólans komst í 8 liða úrslit í Gettu betur. Þau kepptu í sjónvarpinu 9. mars 2018. Liðsmenn voru Inga Dís Finnbjörnsdóttir, Þorbjörn Björnsson og Vignir Már Másson:

Fjölmörg erlend samstarfsverkefni og nemendaskipti eru í gangi. Hér er íslenski hópurinn í verkefninu „Fréttamenn án landamæra“ að hefja störf í Heusenstamm í Þýskalandi:

Á vorin er kosið í stjórn NFB fyrir komandi vetur. Veturinn 2018-19 er stjórnin þannig skipuð: Sóley Adda Egilsdóttir forseti, Tanja Sigmundsdottir varaforseti, Jana Rún Hermannsdóttir skemmtanastjóri, Mikael Stefánsson markaðsstjóri og Árni Snær Jónsson meðstjórnandi.

NFB sá um að skipuleggja flotta nýnemaferð sem farin var að Flúðum 23. ágúst 2018 í blíðskaparveðri og gist eina nótt.

Þann 18. október fengum við heimsókn ungs listamanns frá Alaska í Bandaríkjunum. Byron Nicholai söng, spilaði og sagði frá lífi sínu í frumbyggja-samfélagi. Skilaboð hans voru skýr:

„Það skipti engu máli hver þú ert, hvaðan þú kemur eða á hvaða aldri. Þú býrð yfir krafti til að breyta heiminum“.

Á haustönn var ráðist í 7 vikna hugræktarátak. Þá var hugleitt í skólanum tvisvar á dag, í um 5 mínútur í hvert sinn. Í framhaldinu var lagt mat á hvernig til tókst og reyndust nemendur og kennarar nokkuð sátt við þessa tilraun. Ýmislegt er gert til að stuðla að góðri heilsu, forvarnardagar tvisvar á ári og einnig heilsuvika haldin 14.-21. mars og 12.-16. nóvember með skemmtilegum uppákomum handa starfsfólki og nemendum.

4. Nemendatölur

Nemendur skólans eru ríflega 1400, um 1050 í dagskóla og um 350 í kvöldskóla. Taflan sýnir hvernig nemendur raðast niður á námssvið dagskólans síðustu þrjú árin. Skiptingin illi námssviða í dagskóla er nokkuð jöfn milli ára, um 40% á bóknámsbrautum, 30% á verknámsbrautum, um 17% í listnámi og um 10% í undirbúningsnámi. Þetta segir þó ekki til um heildarskiptingu á nám í skólanum, því nemendur kvölskóla eru flestir í verknámi, þ.e. húsasmíði, rafvirkjun eða sjúkraliðanámi.

Fjöldi nemenda í FB og skipting dagskólanemenda eftir námssviðum 2016-18									
Tegund náms	**2016V**	**2016H**	**2016**	**2017V**	**2017H**	**2017**	**2018V**	**2018H**	**2018**
Undirbúnings/stuðningsnám			**9%**			**10%**			**9%**
Framhaldsskólabraut	44	68		60	81		57	58	
Starfsbraut	38	44		42	43		42	46	
Nám til stúdentsprófs			**43%**			**43%**			**42%**
Félagsfræðabraut	170	196		171	168		154	132	
Málabraut	33	35		30	27		17	14	
Náttúrufræðibraut	78	93		81	81		67	57	
Íþróttabraut	75	86		76	74		62	59	
Tölvubraut	52	81		67	90		62	59	
Ótilgreint nám/opin braut	36	47		52	84		96	132	
Iðn- og verknám			**30%**			**31%**			**31%**
Húsasmiðabraut	72	82		83	80		68	73	
Rafiðnir	78	96		87	96		110	115	
Sjúkraliðanám	82	66		69	67		53	53	
Snyrtibraut	83	103		93	111		94	89	
Nám að loknu starfsnámi	10	17		21	12		11	10	
Listnám			**17%**			**17%**			**17%**
Fata- og textílbraut	32	46		42	40		39	35	
Myndlistarbraut	152	162		136	151		133	126	
Nýsköpunarbraut	0	3		3	14		12	14	
Samtals	**1035**	**1225**	**100%**	**1113**	**1219**	**100%**	**1077**	**1072**	**100%**
Nemendur í leyfi	22	13		17	19		9	10	
Virkir dagskólanemendur	**1013**	**1212**		**1096**	**1200**		**1068**	**1062**	
Nemendur í kvöldskóla	**254**	**329**		**344**	**305**		**340**	**357**	
Samtals í skólanum	**1267**	**1541**		**1440**	**1505**		**1408**	**1419**	

Á árinu 2018 útskrifuðust 265 nemendur frá skólanum. Fjöldi útskrifta hefur verið svipaður undanfarin 3 ár og eru það um 15% færri útskriftir en voru á árabilinu 2008-2015, þegar töluvert yfir 300 nemendur útskrifuðust árlega. Flestar útskriftir voru árið 2013, eða 357.

Fróðlegt er að skoða fjölda útskrifta eftir brautum skólans á þessu árabili. Flestir útskrifuðust með stúdentspróf af félagsfræðibraut, útskrifaðir sjúkraliðar eru næstflestir og þarnæst koma útskriftir með starfsnámsstúdentspróf, próf sem hægt er að taka í framhaldi af eða meðfram útskrift af verknámsbraut. Þessa þróun má sjá á myndinni. Þar má einnig sjá að nú er að fjölga útskriftum úr námi í rafvirkjun og húsasmíði, á meðan útskriftum sjúkraliða fækkar. Nýjar brautir eins og tölvubraut og opin braut eru að byrja að skila nemendum til útskriftar.



Ef við lítum á hvernig útskriftir úr skólanum skiptast eftir námssviðum má ljóst vera að útskriftir af verknámsbrautum eru mun fjölmennari en af bók-, eða listnámsbrautum. Munar þar miklu um stóra hópa fólks sem sækir verknám í kvöldskóla FB meðfram dagvinnustarfi sínu. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu útskrifta eftir sviðum á árabilinu 2015-2018. Bent skal á að stúdentspróf að loknu starfsnámi er flokkað með verknámi:

Skipting útskrifaðra frá FB eftir gerð náms 2015-18								
	Fjöldi				Hlutfall útskrifaðra			
Bóknám, listnám, verknám	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**
Bóknámsstúdentspróf	95	77	84	90	29,6%	27,5%	31,3%	34,0%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)	33	33	28	26	10,3%	11,8%	10,4%	9,8%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)	187	163	148	144	58,3%	58,2%	55,2%	54,3%
Starfsbraut (í sérdeild)	6	7	8	5	1,9%	2,5%	3,0%	1,9%
Samtals	321	280	268	265	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

5. Fjármál og rekstur

Skólinn hefur verið rekinn innan ramma fjárheimilda 2015-18, með 1-2% afgangi:

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: rekstur 2015-2018				
Heiti	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**
Dagvinna	708.025.493	777.596.027	803.338.369	857.675.233
Vaktaálag	627.472	1.554.851	1.066.324	1.134.255
Aukagreiðslur	32.664.854	28.794.477	32.494.778	24.529.565
Yfirvinna	220.206.599	224.173.322	269.176.492	289.867.406
Launatengd gjöld	229.522.536	241.676.562	256.624.232	273.059.705
Orlofsskuldbinding			3.568.296	-1.598.805
Launagjöld	**1.191.046.954**	**1.273.795.239**	**1.366.268.491**	**1.444.667.359**
Fundir, námskeið og risna	3.581.385	4.565.537	4.042.646	5.225.114
Ferða og dvalark. innanlands	517.730	623.256	895.641	437.160
Ferða og dvalark. erlendis	10.515.834	9.560.191	16.984.081	11.014.737
Akstur	2.855.395	2.656.830	2.739.706	2.544.559
Ferðir og fundir	**17.470.344**	**17.405.814**	**24.662.074**	**19.221.570**
Tímarit, blöð og bækur	1.354.943	1.369.357	1.119.553	1.125.719
Skrifstofuvörur og áhöld	9.503.650	8.526.729	8.434.373	8.788.299
Aðrar vörur	22.697.369	22.814.207	24.362.898	27.630.740
Kennsluefni og vörur	**33.555.962**	**32.710.293**	**33.916.824**	**37.544.758**
Önnur sérfræðiþjónusta	18.621.426	22.412.217	25.338.660	25.817.400
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	4.443.896	4.231.780	4.581.150	5.682.777
Prentun,póstur, augl., flutn.	6.541.300	3.814.666	7.134.787	8.171.261
Sími og ýmis leigugjöld	11.342.533	10.935.335	11.935.053	10.199.371
Þjónusta	**40.949.155**	**41.393.998**	**48.989.650**	**49.870.809**
Verkkaup og byggingavörur	4.938.895	5.896.350	4.876.949	7.087.381
Rafmagn og heitt vatn	18.490.499	17.928.974	18.649.015	17.908.159
Húsaleiga og aðk. ræsting	129.810.346	118.653.637	123.295.496	126.850.723
Fasteignagjöld og tryggingar	0	38.118	0	0
Brennsluefni og olíur	302.226	365.368	175.300	242.047
Verkstæði og varahlutir	267.498	143.964	0	113.757
Húsnæði og verkkaup	**153.809.464**	**143.026.411**	**146.996.760**	**152.202.067**
Vextir, bætur, skattar	2.071.839	3.982.465	616.160	502.524
Eignakaup	26.390.647	35.767.319		
Afskriftir			17.313.595	19.068.087
Tilfærslur	15.200	283.000	69.000	180.000
Eignakaup	**28.477.686**	**40.032.784**	**17.998.755**	**19.750.611**
Gjöld	**1.465.309.565**	**1.548.364.539**	**1.638.832.554**	**1.723.257.174**
Sértekjur	-138.763.290	-157.590.961	-160.093.639	-155.975.139
Aðrar rekstrartekjur	-20.015.000	-17.939.500	-15.460.700	-15.900.301
Framlag ríkissjóðs	-1.329.503.147	-1.389.209.163	-1.458.388.585	-1.563.884.958
Framlag til afskrifta			-17.313.595	-19.068.087
Tekjur / framlag	**-1.488.281.437**	**-1.564.739.624**	**-1.651.256.519**	**-1.754.828.485**
Afgangur (-) / halli	**-22.971.872**	**-16.375.085**	**-12.423.965**	**-31.571.311**

6. Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2019-21

Skólamarkmið 1: Að stuðla að því að sérhver nemandi nái árangri í námi sínu.					
Mælikvarðar	**Gögn lögð til grundvallar**	**Staða 2017**	**Staða 2018**	**Viðmið 2019**	**Viðmið 2020**
Hlutfall áfanga sem nemendur dagskóla ljúka með fullnægjandi ára	Nemendaskráning í Innu	72%	71%	(73%)	(75%)
Hlutfall útskrifaðra af heildar-nemendafjölda dag- og kvöldskóla.	Nemendaskráning í Innu	8%	9%	(10%)	(11%)
Skólamarkmið 2: Stuðla að fjölgun nemenda í verk- og listnámi.					
Mælikvarðar	**Gögn lögð til grundvallar**	**Staða 2017**	**Staða 2018**	**Viðmið 2019**	**Viðmið 2020**
Fjöldi á verk- og listnámsbrautum í dagskóla og starfsnámsstúdentsl	Skráning í Innu	553	518	(525)	(540)
Fjöldi ústkrifta af verk- og listnámsbrautum.	Skráning í Innu	140	170	(172)	(173)
Fjöldi í FabLab, matreiðslu, tónlist, leiklist, World Class – áföngum.	Skráning í Innu	356	424	(430)	(440)
Fjöldi verk- og listnámsnemenda í þjálfun erlendis.	Erlent samstarf	21	21	(21)	(25)
Rekstrarmarkmið 1: Efla gæðastjórnun					
	Gögn lögð til grundvallar	**Staða 2017**	**Staða 2018**	**Viðmið 2019**	**Viðmið 2020**
Verklagsreglur/starfslýs. afgreiddar	Rekstrarhandbók	Ólokið	Skipuleggja	Vinna í gangi	Lokið
Árangursmælikvarðar virkjaðir	Skjal yfir alla mælikvarða	Til í drögum	Vinna áfram	Vinna í gangi	Virkjun
Rekstrarmarkmið 2: Auka starfsánægju					
Mælikvarðar	**Gögn lögð til grundvallar**	**Staða 2017**	**Staða 2018**	**2019**	**Viðmið 2020**
Starfsandi í SFR-könnun	Stofnun ársins	4,11	4,23	4,05	(4,5)
Heildareinkunn í SFR-könnun	Stofnun ársins	3,66	3,8	3,77	(4,1)
Rekstrarmarkmið 3: Bæta námsaðstöðu í starfsnámi					
Mælikvarðar	**Gögn lögð til grundvallar**	**Staða 2017**	**Staða 2018**	**Viðmið 2019**	**Viðmið 2020**
Áætlun um breytt skipulag tilbúin	Teikningar og fundargerðir		Í umræðu	Í vinnslu	Afgreitt
Þarfagreining skólans unnin	Skýrslur		Frumgreining	Í vinnslu	Afgreitt
Endurskipulag núverandi húsnæðis	Minnisblöð og skýrslur			Undirbúið	Unnið
Framkvæmdir tímasettar	Verkáætlunarskjal	Óunnið	Óunnið	Óunnið	Í vinnslu

7. Horft fram á veginn

Skólahald í landinu þarf að takast á við áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar sem mun gerbreyta kröfum til skólafólks. Við þurfum í sameiningu að móta skóla sem mætir námsþörfum ungs fólks, gefur þeim færi á að eflast í samskipta- og samvinnufærni og ræktar með þeim aðlögunarhæfni, sjálfstæði og sköpunargleði.

Til að það takist þurfa kennarar og annað fagfólk að uppfæra kennsluhætti, námsmat og almennt starf í þágu nemenda. Við þurfum jafnframt að halda áfram að efla gæðastarf og reyna að gera árangursmælingar og gæðaeftirlit að virku hjálpartæki við umbætur í skólastarfinu.

Nemendur, fjölskyldur og aðrir hagaðilar verða ávallt að geta treyst því að nám í FB veiti góðan undirbúning undir líf og starf í nútímasamfélagi.

Reykjavík, 25. júní 2019,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari